

Mannlífs

Posturinn

991770

Það er beðið eftir þér á Stefnumótalínunni

Aðeins 39,90 mínútan

„Gott kvöld. Ég er 45 ára karlmaður, grannur, 178 cm á hæð og ljós yfirlitum. Mig langar að kynnast huggulegri konu á aldrinum 25 til 35 ára sem hefur gaman af að dansa, fara út að borða, fara í bíó, eða skemmta sér í göðra vina hópi eða vera bara heima. Einnig að labba úti í náttúrunni og ekki verra ef þú hefur áhuga á andlegum málum. Ef þú ert rétta manneskjan með þessa kosti ýttu þá á 1 og ég hef samband.“

Farið á sýningar með Hannesi



Við mælum með



Ásgerði Búadóttir sem sýnir fágáðar, persónulegar og kraftmiklar myndir í Listasafni Íslands. Síðasta sýningarhelgi.

Aðrar sýningar



Sjöfn Har. sýnir 50 litríkar myndir fram að áramótum í Listhúsinu í Laugardal.

Edda Jónsdóttir sýnir í Gallerí Úmbru.

Halldór Ásgeirsson sýnir „Hraun-um-rennur“ í Gallerí Birgis Andréssonar.

Sigurður Einarsson frá Selfossi í báðum sýningarsölum Norræna hússins.

Inga Lís Middleton, Sigurður Örn Brynjólfsson og fleiri sýna hreyfimyndalist í Hafnarborg.

Sara Vilbergs sýnir olíuverk og pastelmyndir í Gallerí Fold.

Halldór Baldursson sýnir skripó í Nýlistasafninu.

Stofngjöfin til sýnis í Listasafni Íslands.

Jón Axel sýnir fram að áramótum á Sólon Islandus.

Sigurbjörn Jónsson sýnir ný olíumálverk í Gallerí Borg.


Giovanni Leonbianohi ítalskur Íslandsvinur sýnir í Listhúsi Ófeigs.

Magnús Hjörleifsson sýnir ljósmyndir í Hafnarborg.

Erró á Kjarvalsstöðum og í Listasafni Akureyrar.

Steini Magnússon sýnir á Café 17.

Samsýning fjögurra listakvenna í Gallerí Art-hún.



PORTRETT

Nanna Guðbergsdóttir fyrirsæta um myndina af sjálfri sér

Þessi kona hefur lifað áður. Oft áður. Hún hefur séð allt og veit að ekkert getur ógnað henni. Hún veit hvað hún vill og hefur fullkomið vald yfir þeim, sem hún er

að horfa á. Vald

kattarins yfir músinni. Það er í henni villidýr, hún er ekki fullkomlega sátt við þær skorður sem siðmenningin setur henni. Þess vegna er hún komin hálf útum dyrnar og úr sínum mennska ham, fötunum, sem fela hennar rétta eðli. Hins vegar gæti hún náttúrliga bara verið í fýlu. Og þá er hún að senda þeim, sem fýlunni olli, eitt baneitrað glott í kveðjuskyni, svona rétt áður en hún fer út og skellir á eftir sér. Er kannski að gefa honum síðasta séns; annað hvort kemurðu núna strax, eða það er orðið of seint. Og þó. Líklegast er ekkert af þessu rétt. Þegar betur er að gáð, þá er þessi manneskja líklega rétt í þann mund að hlaupa í felur svo hún geti hætt að vera svona kúl og hún skellir áreiðanlega uppúr um leið og hurðin lokast á eftir henni. En hættuleg er hún samt, það er ég viss um.

POSTURINN/JIM SMART

Hljómsveitin J.J. Soul Band

Misstu hanastélssvipinn og gáfu út disk

Hljómsveitin J.J. Soul Band var að senda frá sér geisladisk sem heitir Hungry for News. Enn ein íslensk hljómsveit með enskt nafn, dreymir um frægð og frama í útlandinu, en þorir ekki að viðurkenna það, gæti einhver haldið. En það kemur upp úr dúrnum þegar Ingvi Þór Kormáksson, hljómborðsleikari, kíkti við á ritstjórnarskrifstofurnar að söngvari og frontari hljómsveitarinnar heitir J.J. Soul en sá hefur verið búsettur á Íslandi í rúm tvö ár. Tónlistin er ekki soul-tónlist

eins og nafnið kann að gefa til kynna heldur blúsbræðingur með poppivafi.

„Hljómsveitin byrjaði sem hálf-gildings kokkteilsveit á Barrokk sem var og hét en blúsinn var alltaf til staðar,“ segir Ingvi. „Svo fórum við að spila á Blús-barnum og höfum mikið haldið okkur þar og þar misstum við hanastélssvipinn.“

Hefur þessi diskur verið lengi í deiglu?

„Já, frá því um síðustu áramót en þá fórum við að vinna frumsamið

efni og taka upp. Við gefum diskinn út sjálfir sem er frekar ódýr, auk þess sem við höfum verið að vinna hann á lengri tíma þannig að við höfum ekki fengið summuna í hausinn alla í einu. Við fengum slatta af



Hljómsveitin J.J. Soul Band Trausti, Ingvi Þór, Stefán og John James. Á myndina vantar annað hvort Þórð Árnason eða Eðvarð Lárusson sem skipta á milli sín gítarleik.

gestaleikurum sem voru svo vinsamlegir að gefa vinnu sína. Þar held ég að hafi haft mikið að segja að tónlistarmenn njóta sín almennt

vel í þessari tónlist.“

Nú er blúsinn ekkert voðalega söluvæn tónlist?

„Þetta er ekki beinlínis blúsplata heldur er blúsinn undirliggjandi í lögunum. Annars fæ ég alltaf hland fyrir hjartað þegar svona er spurt. Þetta er fimmta platan sem ég stend að og ég hef aldrei hugsað um þær út frá sölusjónarmiðum heldur að gera þá músík sem ég vildi heyra og finnst skipta máli. Og þegar til lengri tíma er litið þá hlýtur það að borga sig.“

JBG